

Pési



Lesið þetta

- Verðmæti fólgin í menningu
- Skipulagsmál
- Auglýsingar
- Konudagsblóm
- Fjáröflun UMFH
- Hestamanafélagið

Næsti Pési kemur út 16. mars. Skil á efni er 13. mars.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Karлакór	3
Skipulagsmál	4
Umhverfismál	5
SS fréttir	8
Björgunarsveitin	14
Þróunarfélag	16
Karfan	23

Febrúar 2007
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

17. árgangur. 202. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Fræðslunet Suðurlands, Hrunamannahreppur og atvinnurekendur í Hrunamannahreppi hafa tekið höndum saman og standa nú fyrir íslenskukennslu fyrir útlendinga. Hér er um afar þarft mál að ræða sem við höfum nú hrint í framkvæmd.

Vonandi verður líka framhald á alþjóðadegi, eins og við höldum í haust. Allt þetta leiðir til þess að fólk kynnist og skiptist á mismunandi menningu. Íslenskan er lykilatriði í því að útlendingar samlagist samfélaginu okkar.

Stórmót í golfi í burðarliðnum

Unnið er af miklum krafti að undirbúningi Íslandsmeistaramóts í golfi 35 ára og eldri á Selsvelli við Flúðir. Hér er um stórvíðburð að ræða fyrir golfáhugamenn og mikil viðurkenning fyrir Golfklúbb Flúða og fyrir golfvöllinn á Efra – Seli og eigendur og rekstraraðila hans. Mótið verður haldið 28. júní til 1. júlí. Gert er ráð fyrir miklum ferðamannastraumi á þessum tíma enda er þessi helgi önnur af tveimur stærstu ferðamannahelgum landsins. Mót sem þetta krefst mikils undirbúnings.

Það eru verðmæti fólgin í menningunni!

Það er merkilegt að velta fyrir sér hve fólk leggur mikið á sig til þess að taka þátt í ýmsu félags- og menningarstarfi. Í rauninni er miklu almennari þátttaka í félags- og menningarstarfi út á landsbyggðinni heldur en t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakan þjappar fólki saman, um leið og fólk er að láta gott af sér leiða sjálfum sér og öðrum til ánægju. Mörg félög eru starfandi hér í hreppnum okkar, ungmennafélagið, kvenfélagið, félag eldri borgara, kiwanisklúbburinn, búnaðarfélag, björgunarfélag, golf- og briddsklúbbarnir, kórastarf svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru áhugamannafélög um afréttarmál, endurbyggingu fjallaskála. Heilmikið kirkjulegt starf er einnig unnið og koma margir að því. Í augnablikinu leggur undirbúningsnefnd um hjónaball nótt við dag til þess að undirbúa þessa árlegu samkomu hér í sveitinni. Þeir sem aldrei taka þátt í svona starfi, eru einungis þiggjendur gera sér ekki grein fyrir því hve mikil vinna liggur að baki. Á sama hátt er verið að undirbúa að eitthundrað ár eru liðin frá fæðingu Sigurðar Ágústssonar frá Birtingaholti en hann samdi ótrúlega mörg falleg lög en Edit Molnár hefur verið að rifja þessi lög upp með Karlakór Hreppamanna. Ákveðið er að halda stóra tónleika í íþróttahúsinu á Flúðum 17. mars n.k. þar mun einnig Karlakórinn Fóstbræður og Vörðukórinn syngja, Miklos Dalmay mun leika á píanó en einnig mun Óskar Pétursson, einn af Álftagerðisbræðrum stíga á stökk og syngja fyrir tónleikagesti o.fl. mætti nefna. Það er vert að minnast þessara tímamóta. Þann 18. mars munu ættingjarnir frá Birtingaholti sjá um kaffisamkvæmi í Félagsheimilinu. Til þess að minnast þess mikla menningarstarfs sem unnið hefur verið hér í hreppnum, ekki síst á sviði tónlistar, hefur verið ákveðið að setja upp listaverk í fyrirhuguðum lystigarði. Verkið verður einnig tileinkað minningu Sigurðar Ágústssonar og hans merkilega starfi. Efnit var til samkeppni um listaverkið og varð verk eftir Helga Gíslason fyrir valinu. Menningarstarfið er hverju byggðarlagi nauðsynlegt ekki síður en atvinna, skólahald o.fl. slíkt. Í nútímanum hafa menn reynt að meta menningarstarfið til peningalegra gilda eins og svo margt annað í heimi efnishyggjunnar. Víst er að það starf er í rauninni ómetanlegt og vonandi höldum við áfram á sömu braut – alla vega bíðum við spennt eftir hjónaballi og tónleikahaldi sem framundan eru hvorutveggja til að efla andann, hvort á sinn hátt.

Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Karлакórinn gefur út hljómdisk

Á dögnum fór Edit Molnár og Miklos Dalmay með allan karlaskarann í Karлакór Hreppamanna í Hveragerðiskirkju þar sem fram fór upptaka á nokkrum lögum, flestum eftir Sigurð Ágústsson frá Birtingaholti. Fyrirhugað er að seinni upptakan fari fram í apríl og í framhaldi af þessu verði gefin út hljómdiskur. Oft hafa karlarnir vandað sig í söngnum en aldrei sem nú. Einnig verður á næstunni birtur þáttur í sjónvarpinu undir stjórn Ara Trausta Guðmundssonar þar sem verða upptökur með karlakórnum og viðtöl við kórmeðlimi. Óhætt er að segja að karlarnir eru að verða býsna forframaðir.

Karлакórsbændur stórtækir framleiðendur

Það kom í ljós á dögnum þegar Magnús Sigurðsson stjórnarformaður Mjólkursamsölnunnar og einn af kórfélögum í Karлакór Hreppamanna tók saman tölur um mjólkurframleiðslu í landinu, -að kórfélagarnir í Karлакór Hreppamanna framleiða 4.200.000 lítra af mjólk en heildarframleiðsluréttur er 116.000.000. Mjólkurframleiðendurnir í kórnum eru stórtækir í mjólkurframleiðslunni því þeir eru fáir og stórir. Talið er að margir þessara bænda syngi fyrir kýrnar þegar mjólkað er ,og að það auki nytina til mikilla muna í nánast öllum tilfellum. Það er hinsvegar hernaðarlegt leyndarmál þar sem nytin hefur dregist saman vegna söngsins, og deilt er um hvaða rödd gefur mestu framleiðsluna.

Lögbundnar skyldur

Sauðfjárþændur eru minntir á að skila inn vottorði á hreppsskrifstofu vegna bóluasetningar sauðfjár við garnaveiki og þeir sem ekki hafa látið bólusetja enn geri það hið fyrsta. Þá eru hunda og kattaeigendur minntir á að láta ormahreinsa hunda og ketti. Allt eru þetta lögbundnar skyldur eigenda dýranna.

Nýjar reglur um gatnagerðagjöld og lóðaúthlutun

Fyrir hreppsnefndinni liggja drög að breytingu á gjaldskrár gatnagerðargjalda og einnig reglur um lóðaúthlutun. Talsvert er spurt um lóðir hér og er í rauninni langt síðan að jafn mikið hefur verið byggt hér á Flúðum og reyndar í hreppnum í heild. Nýju reglurnar miða við stærð lóða en fyrri reglur byggðu á stærð mannvirkja. Þá er í úthlutunarreglunum gert ráð fyrir að allar lóðir sem lausar eru verði auglýstar sérstaklega á heimasíðunni okkar. Líklegt er að reglur þessar taki gildi fljótlega.

Anna May rekur gæludýraverslun

Það er mikil athafnaþrá í Önnu May Carlsson sveitunga okkar. Um eins árs skeið hefur hún rekið gæludýraverslun í Kjarnanum á Selfossi. Þarna er hægt að kaupa allt milli himins og jarðar sem tilheyrir gæludýrum og fiskum.

Iðnaðarsvæðið

Frágangur skipulagsmála á iðnaðarsvæðinu er nú á lokastigi. Talsvert hefur verið spurt um iðnaðarlóðir hér og er líklegast að verktakafyrirtækið Gröfutækni ríði á vaðið. Guðmundur Hjaltason, verkfræðingur er að hanna fráveitukerfi sem tengist iðnaðarsvæðinu, tjaldsvæðinu og öðrum svæðum hér á Flúðum. Hér verður um mikið og kostnaðarsamt mannvirki að ræða en engu að síður hluti af nauðsynlegum framkvæmdum í nýjum hverfum. Hönnunarvinnu frárennslis lýkur fyrir 15. apríl og þá er líklegt að framkvæmdin verði boðin út. Nýjar götur verða væntanlega látnar heita Iðjuslóð og Vallarslóð.

Söfnun á rafhlöðum

Úrvinnslusjóður hrindir af stað kynningarátaki sem hefst 20 febrúar vegna söfnunar á ónýtum rafhlöðum. Markmiðið er að fá fleiri til að skila rafhlöðum til úrvinnslu. Bent er á að alls ekki á að setja ónýtar rafhlöður með almennum heimilisúrgangi.

Áhugahópur um rekstur tjaldsvæðis

Samningar eru á lokastigi við áhugahóp um rekstur nýs tjaldsvæðis á Flúðum. En eins og margoft hefur komið fram mun tjaldsvæðið flytjast frá svæðinu við Félagshemilið niður með Litlu – Laxá á 8.6 hektara svæði sunnan Selsvegjar og vestan Skeiðavegjar eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015. Það tekur að sjálfsgöðu nokkurn tíma að koma upp nýju tjaldsvæði því þurrka þarf upp svæðið og koma upp ýmiskonar aðstöðu sem þarf til að koma upp nýju fullkomnu tjaldsvæði. Áhugahópurinn samanstendur af heimamönnum sem hafa víðtæka reynslu og þekkingu sem nýtist vel við uppbyggingu nýs tjaldsvæðis. En eins og menn muna var auglýst eftir aðilum sem tilbúnir voru til þess að byggja upp og reka nýtt tjaldsvæði. Áhugahópurinn var eini aðilinn sem gaf sig fram og sýndi verkefninu áhuga þó að nokkrar fyrirspurnir hefðu borist.

Flokkun á plasti og Kínaáhugi!

Þeir kumpánar Tómas Þórir Jónsson, verktaki og sveitarstjórinn ferðuðust milli bæja, dag einn, í síðasta mánuði þar sem farið var yfir plastsöfnunarmál. En Tómas Þórir mun safna plasti í Hrunamannahreppi. Farið var yfir hvernig best væri að ganga frá plastinu en það er endurrunnið í Kína. Það er reyndar löng leið milli Hrunamannahrepps og Kína en plastið fer fyrst héðan til Hollands þar sem það er síðan flutt til Kína. Ástæða þess að Kína varð fyrir valinu er að mikið er flutt inn til Hollands af Kínverskri vöru og þess vegna standa gámar sem áður voru tómir en eru nú fylltir af plasti og fluttir til Kína á nýjan leik.

Samskipti Kína og Flúða

En þetta eru ekki einu samskiptin sem við Hrunamann eigum við Kína. Hótelstjórahjónin eru í góðri samvinnu við Kínversku sendiherrahjónin sem hafa oft sótt Hótel Flúðir heim, farið í reiðtúr hjá Sigmundi í Syðra-Langholti. Spurningin er bara sú hvort við verðum ekki að fara læra kínversku hér í hreppnum. Margrét hótelsstjóri hefur oft sést skoða kínverska orðabók.°

Flokkun á öðrum úrgangi

Hvatt er til þess að íbúar hreppsins kappkosti að flokka sorp þannig að gámar verði nýttir eins og ráð er fyrir gert s.s. blaðagámar, gámar undir mjólkurfernur og síðan á gámasvæðinu sjálfu. Sumir eru þegar farnir að flokka sorp og skilja lífrænan úrgang frá. Þannig fæst með tímanum molta sem er hinn besti áburður. Um langt skeið hafa verið gerðar tilraunir með lífrænan úrgang í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði með góðum árangri. Draumurinn er að koma upp svæði með sérstakri jarðgerðarvél.

Samningur um framtíð byggðasafnsins

Í vikunni var gerður samningur við Gísla Sverri Árnason sérfræðing á sviði menningarmála. Markmið samningsins er að ná fram niðurstöðu um framtíð Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf. Um nokkurt skeið hefur Minjasafnið fengið framlög frá Fjárlaganefnd Alþingis t.d. er framlagið á þessu ári kr. 1.000.000.- Um langt skeið hefur undirbúningshópur unnið að framtíðarskipan safnsins undir forystu Guðjóns Emilssonar en auk hans hafa þeir Hjörtur Þórarinsson, Lýður Pálsson, Ólafur Axelsson Sigurður Bjarnason og Ísólfur Gylfi Pálmason setið í undirbúningsnefndinni. Vonandi kemur eitthvað gott út úr þessari vinnu Gísla Sverris. Gísli Sverrir er ættaður frá Höfn í Hornafirði þar sem hann hefur látið sig safnamál miklu varða. Hann tók m.a. þátt í að setja upp Jöklasafnið á Höfn auk þess sem hann var um tíma safnvörður og forseti bæjarstjórnar á Höfn.

Sundlaugin

Í vetur höfum við verið að skoða og breyta opnunartíma í sundlauginni. Margir hafa saknað þess að hafa ekki lengur opið á fimmtudögum, þess vegna ætlum við að hafa opið á fimmtudögum frá kl. 17.00 til 21,30. Enn um sinn verður lokað á föstudögum og sunnudögum. Fólk er hvatt til þess að nota sundlaugina. Gleymd föt sem safnast hafa fyrir í sundlauginni verða gefin Rauða Krossinum ef þau verða ekki sótt innan mánaðar. Í sundlauginni eru seld sundföt, sundgleraugu o.fl. tengt sundiðkun.

Álagning fasteignagjalda

Á næstu dögum berast fasteignaeigendum og landeigendum í Hrunamannahreppi álagningaseðlar fasteignagjalda 2007. Gjaldþagi er 15. febrúar og eindagi 15. mars á fyrsta gjalddaga en aðrir gjalddagar eru 1. apríl og 1. júní. Breytingar hafa orðið á lögum og reglum um fasteignaskatta þannig þeir eru lagðir á eignir um leið og þær verða til hjá fasteignamatinu. Áður var einungis lagt á einu sinni á ári.

Berglind verður best kokka

Það er ánægjulegt þegar unga fólkið okkar er að spjara sig í námi og starfi. Ein þeirra er Berglind Loftsdóttir frá Haukholtum sem er að læra matreiðslu. Hún hefur m.a. kokkað á Hótel Geysi en þar er yfirkokkur Bjarki Hilmarsson en hann er einmitt forseti klúbbs matreiðslumeistara sem eru merk samtök og hafa aukið hróður íslensks landbúnaðar hér heima og erlendis. Einnig hefur hún tekið vaktir á Tveimur fiskum en þar er eigandinn Gissur Guðmundsson sem er forseti Evrópusamtaka matreiðslumeistara. Nú er Berglind einmitt á leið til Skotlands þar sem hún keppir í matreiðslu unggokka. Hún verður einnig í Norðurlandaliði frá Íslandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku en það lið mun keppa í Kanada í maí. Berglind er á þriðja ári í námi og mun taka sveinspróf eftir áramót. Þesinn óskar Berglindi velgengni í keppni, námi og starfi

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Alla virka daga
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.*

Íþróttahúsið á Flúðum
Opnunartími:
Mánudaga til fimmtudaga
15:30-21:00
Föstudaga. 13:00-20:00
Laugardaga. LOKAÐ
Sunnudaga. 15:30-20:00

S.S. Fréttir!

Um þessar mundir er Sláturfélag Suðurlands eitt hundrað ára. Saga þessa samvinnufélags er orðin löng og farsæl, þó stundum hafi gefið á. Í dag er SS eitt öflugasta matvælafyrirtæki landsins, og löngu þjóðþekkt. Það er t.d. yfirleitt leiðandi í afurðaverði til bænda, og því er komið á framfæri hér, að hæsta verð í dag, fyrir nautgripi í sláturhús, greiðir SS.

Hrossaslátrun hefur engin verið undanfarna mánuði, vegna sölutregðu á kjötinu og hefur myndast langur biðlisti. Nú hefur farið kjötsending til Sviss og verður vonandi framhald þar á.

Að endingu er minnst á deildarfund félagsins sem haldinn verður í Árnesi 21. febrúar kl. 21.00.

Þessi fundur er sameiginlegur með Skeiðamönnum og Gnúpverjum ár hvert og til skiptis í sveitunum, en þar kjósum við meðal annars fulltrúa á aðalfund sláturfélagsins.

Hvet ég bændur eindregið til að mæta og heyra hvað Steinþór forstjóri hefur að segja á þessum tímamótum félagsins og ekki síður þeim breytingum sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir, ef varnarmúrinn um innlenda framleiðslu er að breyta.

Allar nánari upplýsingar og fleira er að finna á heimasíðu www.ss.is

Með kveðju

Deildarstjóri Hrunamanna
Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Á bókasafninu er einnig tölva fyrir almenning sem tengd er Internetinu.

Gjaldskrá: 30 mínútur = Krónur 100,-.

Þjáumst á bókasafninu!

FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum
15): alla virka daga

kl: 13.00.

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytj-
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Flúðaleið ehf. og Flytjandi

Starfsfólk óskast!



Kaffi-Sel ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk frá og með 1. maí n.k. og a.m.k út ágúst. Um er að ræða störf á golfvallarsvæðinu (Selsvöllur) og afgreiðslustörf í golfskálanum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum og sé á 20. aldursári eða eldri. Nánari upplýsingar fást hjá Ástu í síma 486-6454 eða 486-6690, en einnig má senda umsóknir á netfangið info@efra-sel.is. Öllum umsóknum verður svarað.



Kaffi-Sels pizzur!

Kaffi-Sel, golfskálanum verður opið á sunnudeginum eftir hjónaballið, frá kl. 13.00 til 20.30. Tilvalið að fá sér gómsætar pizzur. Síminn er 486-6454. Verið velkomin. Starfsfólk Kaffi-Sels.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

*Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)*

Er þetta eitthvað fyrir þig?

Geturðu hugsað þér að vinna heiman frá þér og eiga möguleika á að:

Vera þinn eigin herra?

Ákvarða þína eigin framtíð?

Sýna hvað í þér býr?

Hafa meiri tíma fyrir fjölskylduna?

Kynnast nýju fólki?

Ferðast um heiminn?

Vinna til að verða fjárhagslega sjálfstæð?

Hafðu samband og kynntu þér málið!

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife

www.eva.topdiet.is

s. 8926728

Vantar barnapíu, 11 ára eða eldri til að gæta 2. ára gamals drengs í sumar á meðan Leikskólinn er í sumarfrí.

Búum á Flúðum.

Upplýsingar gefur María í síma:


845 7823/ 486 3447

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Rafverktaki



Hjörleifur Ólafsson
Löggiltur rafvirkjameistari

Sími: 4806767

Hárgreiðslustofan Árnese auglýsir!!

Frá árinu 1983 hef ég haft hendur í hári margra hér í sveit og úr næsta nágreppi, en nú er breyting í vændum. Þann 1.mars nk. ætla ég að hætta rekstri hárgreiðslustofunnar. Vil ég nota tækifærið og þakka ykkur viðskiptavinir góðir, kærlega fyrir öll þau ánægjulegu samskipti sem við höfum átt á þessum 24 árum.

(Verð á Flúðum hjónaballshelgina 2. og 3. mars.)

Hárið kvenna klippt og skorið,
karla margra rakað strý.
Gallhörð get þó um það borið,
gamla hárið vex á ný.

Sigrún Símonardóttir

Stækoma þar með
tručki

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.
Brottför frá Landflutningum Reykjavík
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.
Vöndull ehf Högnastíg 1.
Jóhann Unnar Guðmundsson.
Sími: 856-1580



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.

Blómasala - Konudagur



sem

Minum á blómasöluna
fer fram laugardaginn 17.febrúar
(daginn fyrir konudag).

Þeir sem ekki verða heima en hafa
áhuga á að kaupa blóm og styrkja þar
með björgunarfélagið geta sent inn
pöntun á netfangið

bfeyvindur@simnet.is

Með von um að sem flestir
gleðji konurnar sínar og/eða
dætur með blómum frá
björgunarfélaginu Eyvindi



Kveðja Stjórnin

Frá Unglingadeildinni Skúla

Inntaka nýrra félaga verður 20.febrúar
kl. 20:30 í húsi Eyvindar á Flúðum
Lágmarks aldur í deildina miðast við 8.
bekk.

Kveðja Skúlar

Hjónaball 3. mars 2007

Takið daginn frá. (og kannski daginn eftir líka)

Hjónaballið verður laugardaginn 3. mars 2007.
Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.

Nefndin.

Hefur þú áhuga á að breyta um lífsstíl?

Losna við aukakílóin?

Viltu líta vel út?

Viðhalda kjörþyngd?

Bæta heilsuna?

Auka við þyngd?

Bæta úthald og orku?

Breyting á lífsstíl og þekking á innri og ytri næringu er leiðin að góðum árangri og heilbrigði til framtíðar. Ég hjálpa þér að finna réttu Herbalife samsetninguna sem hentar þér hvort sem þú þarft að léttast, halda þér í formi, fá meiri orku, viðhalda góðri heilsu eða vilt bara líta vel út.

Veglegir kaupaukar fyrir nýja viðskiptavinum í febrúar.

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili **HERBALIFE**

www.eva.topdiet.is

s. 8926728

Frá Þróunarfélaginu

Eins og flestum íbúum sveitarinnar er kunnugt var Þróunarfélag Hrunamanna stofnað í febrúar á sl. ári. Boðað var til tveggja umræðufunda um atvinnu- og þróunarmál hreppsins og nærliggjandi byggða. Góð mæting var á þessa fundi, sem leiddi til stofnunar félagsins. Helstu markmið félagsins eru:

Að sérhæfa sig í og hafa frumkvæði að verkefnum á sviði atvinnu- og byggðapróunar.

Að vinna að hagnýtum athugunum, rannsóknnum og annarri þekkingaröflun.

Að stuðla að samstarfi milli fyrirtækja.

Hafa frumkvæði að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Hlutverk félagsins er með öðrum orðum að hafa frumkvæði að og fylgja eftir góðum hugmyndum, en ekki standa í beinum rekstri fyrirtækja eða félaga.

Á stofnfundinum voru kosnir í stjórn: Örn Einarsson formaður, Hörður Úlfarsson varaformaður, Jónas Egilsson ritari, Guðmundur Sigurhansson gjaldkeri og Ragnar Magnússon meðstjórnandi. Í vara-stjórn voru kosin þau Eva Marín Hlynsdóttir og Sigurður Ágústsson. Stjórnin hefur haldið fimm formlega fundi auk annarra óformlegra viðræðna. Nokkur af helstu viðfangsefnum félagsins á starfsárinu eru tilgreind hér að neðan.

Unninn var ítarlegur listi yfir helstu verkefni á ýmsum sviðum atvinnu-, menningar- og ferðamála, afþreyingar og tómstundaiðkana í sveitinni. Listinn var lagður fram í stjórn félagsins.

Stjórnin fjallaði auk þess um fjölmörg hagsmunamál sveitarinnar, þ.m.t. ályktun um samgöngumál, nýja brú yfir Hvítá og tvöföldun Suðurlandsvegur.

Félagið sótti um sl. vor og fékk aðild að fyrirhuguðum vaxtarsamningi iðnaðarráðuneytisins fyrir Suðurland. Nokkuð hefur dregist að hrinda samningnum í framkvæmd að hálfu ráðuneytisins og er málið í biðstöðu.

Ein af þeim hugmyndum sem eru í vinnslu, er að í fyrirhuguðum listigarði Flúðum verði komið upp nokkrum afsteypum af verkum Einars Jónssonar myndhöggvara. Eins og flestir vita fæddist hann í Galtafelli og sótti margar hugmynda sinna til landslags í sveitinni og nágrenni.

Sú hugmynd hefur verið rædd að rétt væri að gera Fjalla-Eyvind Jónsson að e.k. heiðursborgara í sveitinni. Hann fæddist að Hlíð hér sveit og er talið að hann hafi dvalið hér í uppsveitum hluta ævi sinnar. Rætt hefur verið hvort tengja mætti saman væntanlegan listigarð við fyrirhugað byggðasafn hér í sveit og svokallaða „Eyvindarstofu“ sem áður hefur verið rædd hér innan sveitar.

Eitt af þeim verkefnum sem fjallað hefur verið um innan stjórnar er „Vatnsleikjagarður“ en það er viðmikið verkefni sem er í nánari skoðun, en miðar hægt.

Fundur með frambjóðendum til Alþingis um málefni uppsveitanna, verður haldinn á Flúðum miðvikudaginn 28. mars nk. Fundurinn verður nánar auglýst síðar.

Tilkynning um aðalfund Próunarfélagsins

Aðalfundur Próunarfélagsins verður haldinn á Hótel Flúðum miðvikudaginn 21. febrúar nk. og hefst hann kl. 20:30.

Þeir sem hafa áhuga á að gerast félagar og öðlast þar með atkvæðisrétt á fundinum, geta skráð sig í félagið **áður en fundur hefst**. Eins er hægt að greiða árgjaldið í KB banka á Flúðum, ávr. nr. 325-26-8710. Kennitala félagsins er: 460306-2480. Ef greitt er með bankalínu er hægt að senda tilkynningu um greiðslu með tölvupósti á “jonase@centrum.is”. Árgjald einstaklings er kr. 5.000, en fyrirtækis kr. 15.000.

Allir velkomnir.

f.h. stjórnar Próunarfélagsins,

Fréttir frá bridsdeild

Mikill kraftur hefur verið í spilamenskunni í vetur.

Fyrsta mót vetrarins hófst í október með 16 manna einmenningu.

Þar sigraði Ari Einarsson með	213 stig
Annar Karl Gunnlaugsson	206 stig
Þriðji Guðni Þór Guðmundsson	201 stig

Næst fór fram 12 para hausttvímenningur

1. sæti. Margrét Runólfsdóttir	Ejarni Ansnes	479 stig
2. sæti. Viðar Gunngейrsson	Gunnar Marteinnsson	479 stig
3. sæti. Ingibjörg Steindórsdóttir	Loftur Þorsteinsson	467 stig

Árinu lauk svo með topp 16

1. sæti. Karl Gunnlaugsson	111 stig
2. sæti. Margrét Runólfsdóttir	106 stig
3. sæti. Jóhannes Sigmundsson	104 stig

Bridsmaður ársins 2006 var Karl Gunnlaugsson

Eftir áramótin var svo aftur sest við spilaborðið með 10 para tvenndarkeppni

1.sæti Elín Kristmundsdóttir Guðmundur Böðvarsson	329 stig
2. sæti. Þórunn Ingvadóttir Pétur Skarphéðinsson	317 stig
3. sæti. Helga Teitsdóttir Karl Gunnlaugsson	309 stig

Nú stendur yfir fjöggra kvöldu, fjórtán para tvímenningur. Er það fjölmennasti tvímenningur sem haldinn hefur verið á spilakvöldum klúbbsins. Staðan eftir tvær umferðir er.

1. sæti Karl Gunnlaugsson Jóhannes Sigmundsson	381 stig
2. sæti Ásgeir Gestsson Guðmundur Böðvarsson	369 stig
3. sæti Jón Þorst. Hjartarson Hörður Úlfarsson	349 stig
4. sæti Magnús Gunnlaugs. Pétur Skarphéðinsson	346 stig

Tapað fundið.

Sú eða sá sem tók kápuna mína í misgripum fyrir sína í afmælinu hjá Grétari og Þorkeli, (og hefur eflaust ekki uppgvötvað það ennþá,) endilega skiptið hjá Mumma húsverði.

Mín er svört einlit með munstruðu efni, spæl að aftan og hneft á ská í hálsinn, en sú sem var skilin eftir er munstruð dökkblá hneft á venjulega hátt með kraga.

Endilega kíkidi í fataskápinn hjá ykkur og athugið hvort rétt kápa hangir þar, því ég sakna minnar sárt.

Með kveðju Helga á Melum.



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Óskum eftir að ráða fólk til
starfa í sumar.

Upplýsingar gefur Verslunar-
stjóri á staðnum.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundurinn verður haldinn þann 12. mars. Margrét Óskarsdóttir gengur úr stjórn. Kjósa skal því um ritara og varastjórn. Nánar auglýst síðar.

Skemmtifundurinn verður **24. mars**. Kvenfélagið býður félagskonum ásamt mökum/vinum á meiriháttar skemmtun. Matur, léttar veitingar, skemmtiatriði. Jón Bjarnason mun stjórna samkomunni. **Takið kvöldið frá**. Nánar auglýst síðar.

Blak-blak-blak!!!

Blakgellur allra tíma!!!

Ætlum að hittast og spila blak á mánudögum í félagsheimilinu Árnési, mánudagskvöld kl. 20:00. Allar konur velkomnar, ungar sem aldnar, æfðar sem óæfðar.

Áhugasamar.

Sundlaugin á Flúðum
Opnunartími:

Mánudaga til miðvikudaga. 16:00-21:00

Fimmtudaga: 17:00-21:30

Laugardaga: 10:00-18:00

LOKAÐ á föstudögum og sunnudögum



Leikskólafréttir

Það hefur verið frekar gestkvæmt hjá okkur á nýju ári. Frá leikskólanum Krakkakoti á Þingborg komu starfsmenn til að sjá og skoða leikskólann okkar og þá sérstaklega hvernig við vinnum með myndlist. Þær tóku myndir og við kynntum fyrir þeim það þróunarstarf sem við erum að vinna að (Hringekjan). Starfsfólk leikskólans Brimvers á Eyrabakka komu einnig í heimsókn til okkar til að fræðast um starfið (Hringekjan), skoða húsnæðið og aðstöðuna. Það er alltaf gaman að vera að vinna að einhverju sem aðrir hafa áhuga á og vilja ef til vill nota í sínu starfi, en það eru ekki bara gestirnir sem fá hugmyndir við fáum einnig fullt af hugmyndum frá þeim, sem við svo sannarlega nýtum okkur.

Hópur starfsmanna frá okkur heimsóttu nýverið leikskólann í Skeið- og Gnúpverjahreppi þar sem Vilborg leikskólastjóri tók á móti þeim og kynnti fyrir þeim sérstakan pappír sem hún notar í myndlistina, líti og fleira. Sami hópur fór líka í heimsókn í leikskólann Gullkistuna á Laugavatni til að fræðast um starfið hjá þeim, þar sem leikskólinn er í sama húsnæði og grunnskólinn. Allt er þetta til að stuðla að betra starfi, meiri víðsýni og meiri samvinnu milli skóla.

Leikskólinn Undraland var með skipulagsdag 14.febrúar sama dag og Flúðaskóli. Venjulega hefur skipulagsdagur leikskólans verið á föstudegi, þá eru færri börn í leikskólanum, en núna breytum við til og komum til móts við þá foreldra sem komu með þessa tillögu í foreldra-könnuninni, þ.e.a.s. að hafa skipulagsdag sama dag og Flúðaskóli. Við breyttum út af vananum og vorum með sameiginlegan skipulagsdag með Leikskólanum Skeið- og Gnúpverjahreppi f.h. þann 14.febrúar hér á Flúðum og Hrafnhildur Karlsdóttir frá Skólaskrifstofu Suðurlands hélt fyrirlestur um Umhyggju í leikskólastarfi. Eftir fyrirlesturinn var farið í hópavinnu og unnið frekar með fyrirlesturinn. Eftir hádegi skildust leiðir þá héldu leikskólakonur Skeið- og Gnúpverjahrepps til síns heima og haldið var áfram að vinna að skipulagi starfsins.

Frá æskulýðsnefnd Smára



Nú er komið að því að fræða ykkur krakkar, tilefnið er skyndihjálparnámskeið fyrir börn ungl-
inga og ungmenni í Smára.

Föstudaginn **23/2 kl 20** verður haldið í Brautar-
holti skyndihjálparnámskeið fyrir ykkur þar sem
farið verður yfir helstu atriðin í skyndihjálp sem
er gott að vita þegar verið er á útreiðum og
eitthvað kemur fyrir. Leiðbeinandi verður
Ármann Höskuldsson sjúkraflutningamaður frá
Selfossi.

Námskeiðið er frítt fyrir Smárafélaga en þeir
sem ekki eru í félaginu greiða 1500 kr.
Að námskeiðinu loknu sem tekur u.þ.b. klukku-
tíma munum við skemmta okkur einhverja stund
með t.d spurningakeppni og eða einhverjum
leikjum.

Gaman væri að sjá sem flesta og sýna áhugann
í verki.

Nefndin



Körfuknattleiksdeild UMFH

Fjáröflunardagur

Í dag, föstudaginn 16. febrúar, verður fjáröflunarsamkoma í
Félagsheimili Hrunamanna.


Samkoman hefst kl. 20:00 og stendur til 22:00.

Bingó, uppboð á folatollum og fleira.

Boðnir verða upp folatollar hjá: **Bláskjá frá Kjarri**, undan Stála frá Kjarri og Nunu frá Bræðratungu, **Goða frá Þóroddsstöðum**, undan Gára frá Auðsholtshjálegu og Hlökk frá Þóroddsstöðum,
og ef til vill fleiri ????????

Hvetjum alla til að mæta og styrkja gott uppbyggingarstarf fyrir börn og unglina.

Kveðja, stjórnin



JAKAHRANNIR VIÐ HVÍTÁ

Ljósmynd. Sigurður Sigmundsson